

Kópavogstún Kópavogsbraut 19 breytt deiliskipulag Leikskólinn Urðarhóll. Laus kennslustofa

Breyting skv. 2.mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 121, dags. 30. maí 2022
ONE / 22033170

Greinargerð:

Lögð fram tillaga umhverfissviðs dags. 29. apríl 2022, breytt 30. maí 2022 að breyttu deiliskipulagi Kópavogstúns, sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. nóvember 2005 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 7. mars 2006.

Í breytingunni felst að lóðin Kópavogsbraut 19 m2 verður breytt og stækkuð til suðurs, vesturs og austurs. Lóðarstærð breytist og verður 6.130 m2 í stað 950 m2. Auk þess verður stofnuð ný lóð 315 m2 að stærð sem tilheyrir Kópavogsbraut 19, innan svæðis sem er skilgreint sem "frestað svæði" í gildandi deiliskipulagi og fær sú lóð staðfangið Kópavogsbraut 19b.


Á umræddri lóð nr. 19b verður komið fyrir byggingarreit á einni hæð fyrir færanlega kennslustofu. Svæðið er skilgreint fyrir samfélagsþjónustu í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Hámarks hæð byggingarreitar er áætluð 2.8- 3 metrar og áætluð stærð byggingareits er um 135 m2.

Leiksvæði barna mun verða á núverandi leikskólalóð en girðingu verður komið upp umhverfis færanlegu kennslustofuna. Lagður verður upphitaður stígur milli færanlegu kennslustofunnar og leikskólans Urðarhóls. Staðsetning færanlegu kennslustofunnar er tímabundin til tveggja ára.


Ferill máls:

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010 að framlögð tillaga verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Kópavogsbarðs 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, og 19, Kópavogsbrautar 5A, 5B, 5C, 9, 11 og 17.


Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021



Deiliskipulag: Kópavogstún. mkv.1:2000
Samþykkt í bæjarstjórn dags. 8. nóvember 2005, m.s.br.




Tillaga - Breytt deiliskipulag:
Kópavogsbraut 19 í mkv. 1:2000



Skýringarmynd: Sneiðing AA. Mkv. 1:1000

Skýringar

- Ytri byggingarreitur
- Innri byggingarreitur
- Lóðamörk
- Mörk breytinga
- Mörk skipulagssvæðis
- Opin svæði



Skýringarmynd: Núverandi aðstæður. Mkv. 1:1000
Rauður reitur innan skipulagssvæðis sýnir staðsetningu kennslustofu.

Kópavogi, dags. 30. maí 2022

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi



Skýringarmynd: Dæmi um kennslustofu. í mkv. 1:250